

**Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 26. maí 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-26/2014:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 24. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitshaiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y.

**II**

**Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Hinn 12. maí sl. sendi kæruneftndin álitshaiðanda svohljóðandi bréf:

„Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur nú til meðferðar mál þitt þar sem kvartað er vegna viðskipta við Y. Af því tilefni vill kæruneftndin benda á að hún starfar samkvæmt reglugerð nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa, en í 2. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar segir: „Í álitshaiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álitshaiðandi á og þeim kröfum er haiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitshaiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Til samræmis við téð ákvæði óskar kæruneftndin því eftir:

1) Afriti af skjali því sem vísað er til í bréfi A, dags. 20. mars sl. Er skjalinu lýst sem handskrifuðu og undirrituðu af bæði seljanda og kaupanda, og að þar megi finna upplýsingar um ástand ökutækisins.

2) Nánari lýsingu á atvikum máls, þ.e. hvað aðilum fór milli við kaup bifreiðarinnar og hvort bifreiðin hafi verið söluskoðuð við kaupin.

Þá óskar kæruneftndin eftir hverjum öðrum þeim gögnum sem þú kannst að hafa undir höndum sem varpað gætu ljósi á máli þitt.

Frestur til að skila umbeðnum gögnum og upplýsingum er til 23. maí n.k. Verði ekki orðið við þessu má vænta þess að málinu verði vísað frá nefndinni.“

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi og hefur álitshaiðandi ekki haft samband við hana á annan hátt. Kæruneftndin álitur því óhjákvæmilegt að vísa haiðni álitshaiðanda frá nefndinni með heimild í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kæruneftndin tekur fram að þrátt fyrir það að álitshaiðninni hafi verið vísað frá getur álitshaiðandi sent kæruneftndinni nýja haiðni um álit fylgi henni þau gögn sem beðið var um í bréfi nefndarinnar frá 12. maí sl.

### III

#### Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærufélag lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir